



Fundargerð

7. fundur stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 10. ágúst.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Fríða Rún Þórðardóttir og Eiríkur Mörk Valsson. Sonja Sif Jóhannsdóttir, Lovísa Hreinsdóttir og Björg Ágústsdóttir í myndsam tali. Lóa Björk Hallsdóttir og Helgi S. Haraldsson ekki með að þessu sinni.

Formaður setti fund 11:45 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt.

2. Staðfesting afgreiddra atriða milli funda

Fundargerð 6. fundar, samþykkt rafrænt milli funda, staðfest.

Val unglínganefndar á NM U20 í Hafnarfirði, samþykkt rafrænt milli funda, staðfest.

Val unglínganefndar á NM Baltic U23 í Finnlandi, samþykkt rafrænt milli funda, staðfest.

Undir þessum lið var jafnframt ræddur sá vilji stjórnar að loka vali með meiri fyrirvara fyrir viðburði á næsta tímabili.

3. Málefni skrifstofu FRÍ

Formaður kynnti stöðu varðandi skrifstofu. Tímabundinn verkefnastjóri horfir líklega til annarra starfa með haustinu. Samþykkt að formaður ræði við verkefnastjóra um að starfa áfram eins lengi og hún gefur færi á.

Formaður kynnti stöðu uppgjors við fráfarandi framkvæmdastjóra.

Talsverðar umræður fóru fram um verkefni og hlutverk skrifstofu og tækifærin sem eru til verkefna og samvinnu við ýmsa aðila.

Samþykkt að starfsnefnd um málefni skrifstofu haldi áfram greiningu og skili skýrslu til stjórnar.

4. Tímasetning formannafundar að hausti

Rætt um formannafund að hausti og samþykkt að leggja til laugardaginn 5. nóv, fyrsta laugardag eftir kosningar, sem dagsetningu formannafundar að hausti.

5. Uppskeruhátíð FRÍ - haust 2016

Jóney verkefnastjóri FRÍ kom inn og sat fund til enda.

Rætt var um möguleika á að slá nýjan takt með uppskeruhátíð í september. Formaður vinnur áfram með málið og skilar tillögu til stjórnar ekki síðar en að lokinni ferð til Ríó.

6. Dómaranefnd, þjálfun dómara og úttektir

Dómaranefnd hefur unnið mikið að námskeiðum í sumar, t.d. varðandi ULM í Borgarnesi. Samþykkt að greiða nefndarmönnum útlagðan kostnað vegna þessara verkefna.



7. Önnur mál

Rætt var um fyrirkomulag stjórnarfundar haustins og möguleikann á heimsóknnum í félög/bæi/héröð, þar sem frjálssípróttastarfi er í gangi.

Rætt um fulltrúa við verðlaunaafhendingu á RM. Verkefnastjóra falið að finna verðugan fulltrúa.

NM U20 í Hafnarfirði rætt. Formaður starfsnefndar og verkefnastjóri FRÍ kynntu stuttlega framgang stöðu verkefnisins. Undirbúningur gengur vel, völlum þrífinn, áhöld, starfsmenn, hótél og rútur allt í góðum farvegi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:25.

Ritun fundargerðar: Freyr Ólafsson